



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Særún Ómarsdóttir
Krosseyrarvegi 3
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 24. febrúar 2022
MÍ202201-0011/ 6.06 / 0051

Krosseyrarvegur 3, Hafnarfjörður – viðbygging og breytingar

Í tölvupósti dags. 7. febrúar 2022 leitar Katla Maríudóttir arkitekt eftir álit Minjastofnunar Íslands vegna Krosseyrarvegar 3. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir Hjark (Hulda Jóns Arkitektúr) af breytingunni, dagsettir 27.1.2.22. Sótt er um leyfi til að lengja mæni hússins til vesturs að útvegg neðri hæðar, reisa viðbyggingu við garðhlið hússins til suðvesturs og breyta tveimur kvistum á götuhlið í einn.

Krosseyrarvegur 3 er bárujárnsklætt timburhús; hæð, kjallari og ris. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1903 og er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita áhlits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

Minjastofnun Íslands heimilar breytingarnar sem sótt er um. Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna, dyra og svala skal taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum bárujárnsklæddra timburhúsa frá sama tíma. Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar um tréglugga og útveggjaklæðningar sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar: www.minjastofnun.is. Deili- og sérteikningar af gluggum, hurðum og svölum skal senda Minjastofnun til umsagnar og samþykktar.

Við framkvæmdir í eldri hverfum sem hafa jarðrask í för með sér ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu. Fornleifaskráning liggur fyrir sem nær yfir lóð Krosseyrarvegar 3; annars vegar „Verndarsvæði í byggð og deiliskipulag í Vesturbæ Hafnarfjarðar“, unnin í apríl 2018 af Bjarna F. Einarssyni fornleifafræðingi fyrir Hafnarfjarðarbæ og hins vegar skráning Byggðasafns Hafnarfjarðar sem með öðru tekur yfir ofangreindan reit; „Fornleifaskrá Hafnarfjarðar I. Vesturbær, Norðurbær, Víðistaðir og Hleinar“, unnin 2020 af Atla Rúnarssyni. Engar skráðar fornleifar eru innan lóðar hússins við Krosseyrarveg 3 samkvæmt þessum skýrslum en komi í ljós áður óþekktar fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:

Særún Ómarsdóttir (saerun87@gmail.com)

Katla Mariúdóttir arkitekt (katla@hjark.is)

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar

& byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar (hafnarfjordur@hafnarfjordur.is)

Byggðasafn Hafnarfjarðar (bp@hafnarfjordur.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.